

41 Ef miði, sem vinning hlýtur, hefur glatazt, getur eigandi hans snúið sér til
 24. marz stjórnar D. A. S. með beiðni um, að fá vinninginn afhentan, en fylgja skal vottorð umboðsmanns, sem seldi miðann, um það, að samkvæmt bókum hans hafi umsækjandi keypt miðann. Slík beiðni þarf að komast í hendur D. A. S. innan 6 mánaða frá drætti, en hafi vinningur samkvæmt miðanum þegar verið afhentur er beiðnin kom fram, er happdrættið laust allra mála.

15. gr.

Vinningar, sem enginn hefur vitjað innan eins árs frá drætti, verða eign happdrættisins.

16. gr.

Með reglugerð þessari fellur úr gildi reglugerð nr. 171 20. desember 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sbr. lög frá 21. febrúar 1956, um breyting á þeim lögum, öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 24. marz 1956.

Ólafur Thors.

Gunnlaugur E. Briem.

42

AUGLÝSING

23. marz

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 9 14. janúar 1955.

IV. kafli gjaldskrárinnar orðist svo:

IV. OPNUNARGJÖLD o. fl.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 25 krónur.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt 25 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Fyrir hver 10 stig, sem kaupgjaldsvisitala Hagstofu Íslands hækkar eða lækkar frá 160 stigum, er heimilt að hækka eða lækka rafmagnsgjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, önnur en gjöld samkvæmt I. kafla D-1 og III. kafla, um 5%.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 23. marz 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.